

**Sp. 522. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]**

um aukaping til að afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Eiður Guðnason, Gunnar R. Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar, að kallað skuli saman aukaping, skv. heimild í 22. gr. stjórnarskrárinnar, í ágúst 1982 til að fjalla um og afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir Lýðveldið Ísland.

**Greinargerð.**

Pegar lýðveldið var stofnað 1944 var notast við hina gömlu stjórnarskrá konungsríkisins með nauðsynlegum orðabreytingum, enda þótt hún væri að stofni til frá 19. öld.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, en allar runnið út í sandinn. Hafa aðeins verið gerðar einstakar breytingar, fyrst og fremst á kjördæmaskipan, og þar við hefur setið.

Síðasta ályktun Alþingis um stjórnarskrármálið var samþykkt 6. maí 1978 og var á þessa lund:

„Alþingi ályktar, að þar sem 6 ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin, og það er lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju 9 menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnsmálaflokka, sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi, og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlag, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög.“

Alþýðuflokkurinn gerir nú tillögu um að aukaping skuli kallað saman samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar í ágústmánuði þessa árs, og skuli það fjalla um frumvarp frá stjórnarskrárnefnd og afgreiða nýja stjórnarskrá. Virðist það mun líklegra til árangurs heldur en að blanda þessu máli saman við önnur verkefni þingsins.

Alþýðuflokkurinn hefur oft fjallað um stjórnarskrármálið og síðasta ályktun hans um það var gerð 3. apríl 1981 og var á þessa leið:

„Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur haft stjórnarskrármálið til ítarlegrar athugunar á undanförunum mánuðum. Telur flokkurinn brýnt, að störfum stjórnarskrárnefndar verði hraðað eftir föngum, og leggur áherslu á að fyrir næstu kosningar liggi fyrir tillaga að nýrri stjórnarskrá. Það er álit þingflokksins að nú beri að vinna jöfnum höndum að umbótum á kjördæmaskipan og kosningalöggjöf annars vegar og endurskoðun annarra ákvæða stjórnarskrárinnar hins vegar.“

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur að hin nýja stjórnarskrá eigi að fela í sér ný ákvæði um mannréttindi, umhverfismál, dómsmál, þjóðareign á landi, þjóðaratkvæði og störf Al-

þingis. Hefur flokkurinn mótað tillögur um þessi efni og sérstaklega gert drög að nýjum III. kafla stjórnarskrárinnar, sem fjallar um störf Alþingis. Um leið og þessar tillögur eru kynntar, leggur flokkurinn til, að stjórnarskrárnefnd geri drög að nýrri stjórnarskrá, sem taki til ofangreindra atriða.

Jafnframt því sem stjórnarskrárnefnd vinni að tillögum um aðra þætti stjórnarskrárinnar, telur Alþýðflokkurinn rétt, að fram fari viðræður milli flokkanna um umbætur á kjördæmaskipan og kosningalöggjöf, og lýsir áhuga sínum á að slíkar viðræður hefjist sem fyrst. Stefnumörkun Alþýðflokksins í þessum efnun kemur fram í stefnuskrá flokksins, en þar stendur:

„Alþýðflokkurinn vill að kjördæmaskipan og kosningalöggjöf verði breytt. Að leiðarljósi verður að hafa réttlæti milli einstakra byggðarlaga, jöfnun atkvæðisréttar og hagsmuni hinna dreifðu byggða. Stjórnarskráin þarf að tryggja, að þingstyrkur stjórnmalaflokkanna sé jafnan í fullu samræmi við kjörfylgi þeirra.“

Þingflokkur Alþýðflokksins er reiðubúinn til að ræða hugmyndina um Ísland allt sem eitt kjördæmi, skiptingu landsins í kjördæmi eftir fjórðungum auk Reykjavíkur og endurbætur miðað við sömu kjördæmaskiptingu og nú gildir, en þá eigi að setja ákvæði um endurútreikning þingmannatölu hvers kjördæmis á 10 ára fresti til að hindra óeðlilega röskun. Flokkurinn hafnar einmenningskjördæmum algerlega. Jafnframt leggur flokkurinn áherslu á ákvæði sem auki möguleika til persónuvals.“